

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 133 (18.11.2024) - Kostnaður sveitarfélaga vegna ofanflóðavarna

**Málsnúmer** : 202404144  
**Málsaðili** : Múlaþing  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 18.11.2024

**Inngangur** : Fjármálastjóri situr fundinn undir þessum lið og fylgir eftir minnisblaði er varðar lántökur sveitarfélagsins hjá Ofanflóðasjóði.

**Niðurstaða** : Eftirfarandi tillaga lögð fram:  
Umhverfis- og framkvæmdaráð felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að endurskoða fjárfestingaráætlun í samræmi við umræður á fundi sveitarstjórnar 13. nóvember og fyrirbyggjandi minnisblað.  
Jafnframt beinir ráðið því til byggðaráðs að eiga samtal við Samband íslenskra sveitarfélaga um fjárskuldbindingu sveitarfélaga í ofanflóðaverkefnum.

Samþykkt samhljóða.